

Bráðabirgðalög

Nr. 1.
18. maí.

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905 og lögum 9. september 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherra Vor fyrir Ísland hefir tjáð Oss, að nauðsyn beri til vegna viðskiftalífsins að auka gjaldmiðil á Íslandi um stundarsakir fram yfir það, er gildandi lög heimila, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra heimild til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905 og lögum 9. september 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr. og lögum 9. sept. 1915, svo sem viðskiftapörfin krefur, gegn öllum sömu skilyrðum, sem í 1. gr. 1.—3. lið nefndra laga 9. sept. 1915 greinir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfuréttar síns að innleysa alla þá seðla, er hann hefur gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt sem landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 18. maí 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.